

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Fróðárhreppi í Snæfellsnessýslu.**

Fasteignaskatt í Fróðárhreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 245.

3. nóvember.

SAMÞYKKT**um breyting á samþykktum nr. 63 29. apríl 1960 fyrir Sparisjóð vélstjóra.**

1. gr.

12. gr. samþykktanna orðist svo:

Í marzmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og til hans boðað með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu með minnst hálf mánaðar fyrirvara, svo og minnst í fjórum dagblöðum daginn fyrir fundinn.

Skulu þá lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á eða minnst þrjátíu ábyrgðarmenn æskja þess skriflega.

Einstökum ábyrgðarmönnum er heimilt að fara með atkvæði annarra á fundi, þó þannig að hver hafi mest 10 — tíu atkvæði. Fundur er lögmaður þegar til hans hefur verið boðað samkvæmt fyrstu málsgrein. Ekki geta aðrir farið með atkvæði á fundum sparisjóðsins en ábyrgðarmenn hans. Skulu umboð vera skrifleg og undirrituð af viðkomandi. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má ekki gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á löglegum fundi samþykki, lagabreytinga hafi verið getið í fundarboði og þær legið frammi til sýnis á skrifstofu sparisjóðsins í viku fyrir aðalfund.

Framanrituð samþykktabreyting staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. nóvember 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.